

Ed.

470. Frumvarp til laga

um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndar-svæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnueldar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa til-efni til.

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal einungis framfylgt að svo miklu leyti, sem samrímanlegt er millirikjasamningum þeim, sem Ísland er eða síðar kann að gerast aðili að.

3. gr.

Fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal refsað með sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00 eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerðinni.

4. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem kunnugt er, byggist afkoma Íslands nær eingöngu á fiskveiðum við strendur landsins. Það hefur því verið landsmönnum mikið áhyggjuefni að fylgjast

með hinni sífellt vaxandi eyðileggingu á fiskimiðunum. Fyrr á tímum, meðan þróun veiðitækja var tiltölulega skammt á veg komin, horfði mál þetta öðruvísi við, en yfirráðaréttur landsins yfir fiskveiðunum meðfram ströndum þess var þá mun viðtækari en tíðkast hefur í framkvæmdinni síðan um aldamótin síðustu. Er þó ljóst, að friðunarráðstafanir ættu eðlilega að standa í réttu hlutfalli við vaxandi tækni í veiðarfæragerð.

Flestum strandríkjum, sem fiskveiðar stunda, hefur um langt skeið verið ljóst, að gera þurfi virkar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja geryðingu fiskimiðanna vegna rányrkju. Ekki hefur þó verið samkomulag um það, með hverjum hætti slíkar ráðstafanir skyldu gerðar. Skiptast ríki þar að meginstefnu til í tvo flokka. Annars vegar eru þær þjóðir, sem meiri hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum sínum við erlendar strendur en sínar eigin. Þau ríki eru því yfirleitt fylgjandi að hefta sem mest hendur strandríkja til einhliða ráðstafana á þessu sviði. Þau ríki hafa þó viðurkennt, að eigi yrði hjá því komizt að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir geryðingu miðanna, en þá jafnframt fylgt fast eftir þeirri stefnu, að slíkar ráðstafanir yrðu einungis gerðar með milliríkjasamningum. Hins vegar eru þjóðir, sem eingöngu eða aðallega stunda veiðar við sínar eigin strendur. Þeim þjóðum hefur í vaxandi mæli skilizt, að strandríkið verður að bera aðalábyrgðina á því, að strandmiðin séu vernduð í ljósi vísindalegra staðreynda. Ýmsar slíkar þjóðir hafa því lögleitt hjá sér mismunandi viðtækar reglur í þessu skyni, enda ljóst, að samningaleiðin hefur hvergi nærri leitt til viðunanlegrar niðurstöðu, nema í tiltölulega fáum tilvikum, þar sem samhentar landamæraþjóðir áttu hlut að máli og sameiginlegra hagsmuna að gæta. Hitt er svo annað mál, að á höfum úti — hinu eiginlega úthafi — verður friðunarráðstöfunum eðlilegast og bezt fyrir komið með alþjóðasamningum. En varðandi hafið næst ströndum gildir öðru máli.

Tvær leiðir hafa verið farnar í sambandi við framkvæmd yfirráðaréttar ríkis yfir fiskimiðum. Stundum hafa ríki ákveðið landhelgi sína fyrst og fremst með fiskveiðar sínar fyrir augum. Önnur ríki hafa látið landhelgina liggja milli hluta í þessu sambandi og ákvarðað yfirráðarétt sinn yfir fiskveiðum án tillits til hennar. Síðari leiðin er að því leyti eðlilegri, að ýmis atriði, sem fólgin eru í hugtakinu „landhelgi“ eru óskyld yfirráðarétti yfir fiskveiðum, og því að ýmsu leyti óheppilegt að blanda því tvennu saman.

Mjög mismunandi fjarlægðum hefur verið beitt við ákvörðun yfirráðaréttar ríkis yfir fiskimiðum undan ströndum. Hefur þar oftast verið miðað við ákveðinn mílufjölda, t. d. 3 mílur, 4 mílur, 6 mílur, 12 kílómetra o. s. frv. Eðlilegra virðist þó, að farið sé að dæmi þeirra ríkja, sem miða við landgrunnið með fram ströndum. Íslenzka landgrunnið er mjög greinilega afmarkað, og því eðlilegt, að miðað sé við það. Er því sú leið farin í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Hér er um tvenns konar ráðstafanir að ræða. Annars vegar ákvörðun þeirra svæða, sem friðunarreglum skal beitt á; er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að ekki verði farið út fyrir takmörk landgrunnins. Hins vegar ákvörðun þeirra friðunarreglna, sem gilda skuli innan friðunarsvæðisins. Verður að styðjast við skoðanir fiskifræðinga og annarra vísindamanna um það, hverjar ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að tryggja verndun fiskstofnsins, bæði að því er snertir veiðistaði, veiðiaðferðir, veiðitíma og veiðimagn.

Landgrunnið er nú talið greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, en nauðsynlegt er, að nákvæmar rannsóknir fari fram um það, hvort eðlilegra sé að miða við annað dýpi.

Um 2. gr.

Hér koma til álita samningur Danmerkur við Bretland frá 24. júní 1901 og alþjóðasamningur um möskvastærð frá 23. marz 1937. Ef niðurstaðan yrði sú, að

þeir samningar væru ósamrímamlegir ráðstöfunum þeim, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, kæmi ekki til greina, að þeim ráðstöfunum yrði beitt gegn samningsaðilum meðan viðkomandi samningur er í gildi.

Um 3. gr.

Upphæð sekta verður að fara eftir mikilvægi hinna einstöku friðunarráðstafana.

Um 4. gr.

Hinn 17. ágúst 1946 mælti alþjóðahafrannsóknaráðið með því, að alþjóðatilraun yrði gerð um friðun Faxaflóa. Þykir sjálfsagt, að Ísland taki þátt í slíkum tilraunum, bæði hér við land og annars staðar, eftir því sem fært þykir. Ísland hefur þegar sýnt áhuga sinn fyrir slíkum tilraunum, m. á. með þátttöku sinni í störfum hafrannsóknaráðsins.

5. gr.

Þarfnast eigi skýringa.